AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og samkvæmt viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018, sbr. breytingu á samþykktinni nr. 64/2025, sem kveða á um valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu, er eftirfarandi óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi samþykkt:

Árbakkaland – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 30. september 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbakkaland í landi Laugardæla. Breytingin tekur til Ásavaðs þar sem lóðum er fækkað en íbúðum fjölgað. Íbúðum er fjölgað um 25 úr 115 í 140 á lóðunum. Hús eru nú stölluð og byggingarreitur bílakjallara er stækkaður lítillega. Á uppdrætti er jafnframt gerð grein fyrir lagnakvöð meðfram Laugardælavegi.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 26. október 2026.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 9. nóvember 2026